

Nd.

685. Nefndarállt

um frv. til áfengisлага.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um afgreiðslu þessa máls. Tilgangur frv. þessa mnn óefað vera sá, að tryggja það, að ólöglegur innflutningur á áfengi geti ekki átt sjer stað. Svo í annan stað að takmarka sem mest neytslu á löglega fengnum vínum. Til þess að þetta megi verða, hefir verið fallið að því ráði að setja í frv. þetta óvenjulega há sektar- og refsíákvæði. Að slíkar öryggisráðstafanir sem þessar verði bann- og bindindismálinu til verulegra nota, efast jeg um, að nokkur maður með fullri alvöru hafi trú á. Undanfarinna ára reynsla hvað brot á gildandi lögum um þetta efni snertir ætti að vera besta sönnunin fyrir því, að það sje mjög ólíklegt. Jeg fyrir mitt leyti lit svo á, að þó þetta frv. verði að lögum með öllum sínum refsí- og sektarákvæðum, þá mnni það sýna sig, að það bætir ekki — nema þá ef vera skyldi að einhverju örlitlu leyti — úr því ástandi, sem nú er. Því leyfi jeg mjer að leggja það til, að frv. verði felt.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Hákon Kristófersson.